



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

LOSU1LS03

Kennari: Sigurður Grímsson	Sk.st.	SG
-----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur geta umgengist gashylki, logsuðu- og logskurðartæki. Þeir geta fylgt suðulýsingu, logsóðið plötujárn í suðustöðum PA, PG og PF með I-rauf. Þeir geta lóðað og logskorið fríhendis og kunna að bregðast rétt við ef hættu ber að höndum. Hafa góða þekkingu á öryggismálum.

Undanfari: Grunnskólapróf.

Þekkingarviðmið: Að áfanga loknum eiga nemendur að þekkja:

Gashylkin, meðgerð þeirra, lit og toppventla.

Notkunarsvið acetýlens og súrefnis.

Suðulogann, blöndu hans og hitastig.

Áhrif kolandi loga, súrefnisríks og hlutlauss loga á suðupollinn.

Gerðir raufa og samsetningar og áhrif þeirra á spennu.

Af hverju ekki er hægt að logskera alla málma.

Virkni lóða og lóðdufts.

Staðalinn ÍST EN 287-1 um hæfnispróf.

Staðalinn ÍST EN 25 817 um mat á suðum og suðugalla.

Öryggismál: Brunahættu, sprengihættu, mikilvægi loftræstingar, hlífðarfatnað o.s.frv.

Leikniviðmið: Að áfanga loknum hafa nemendur öðlast leikni í að:

Setja mæla á hylki, slöngur og suðusköft.

Stilla vinnuþrýsting.

Velja suðu- og skurðarspíssa samkvæmt efnisþykkt.

Sjóða 1-3 mm plötustál með I-rauf í PA, PF og PG.

Nota suðulóð og lóðduft.

Logskera stál fríhendis.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Setja saman suðutæki á réttan hátt.

Stilla réttan vinnuþrýsting.

Sjóða 1-3 mm plötustál með I-rauf í PA, PF og PG.

Framkvæma lóðun á réttan hátt.

Logskera fríhendis.

Námsefni:

Kennslubókin Málmsmíði, efni hjá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni

Sérreglur áfangans:

Skilyrði fyrir því að áfanga sé lokið er að nemendur ljúki þeim verkefnum sem fyrir eru lögð, bæði verklegum og fagbóklegum.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.